

Samþykkt um útgáfumál

Fimmta þing KÍ haldið í Reykjavík dagana 6. til 8. apríl felur stjórn KÍ að halda áfram að þróa starfsemi KÍ á sviði útgáfu- og kynningarmála í samræmi við ályktun fjórða þings KÍ 2008. Stjórn Kennarasambandsins verði ennfremur falið að kanna möguleika á að auka rafræna upplýsingamiðlun. Verði þar lögð áhersla á miðlun upplýsinga frá KÍ og aðildarfélögunum til félagsmanna sem gegna trúnaðarstörfum fyrir KÍ. Einnig verði unnið að því að koma á kerfi til að sjá um rafrænar atkvæðagreiðslur og kannanir. Beinar útsendingar verði á veraldarvefnum frá atburðum á vegum sambandsins, félagsmönnum verði gert kleift að hlaða niður áður fluttu efni, auk annarra möguleika sem tæknin býður upp á. Stjórnin komi á fót spjallsíðu á innri vef sambandsins (*Mínum síðum*) þar sem félagsmenn geti skipst á skoðunum.

Stjórn KÍ er falið að skoða kostnað við útgáfu smærri rita (bæklinga) sem innihaldi upplýsingar um sjóði sambandsins og ýmis réttindamál félagsmanna. Skoðaðir verði möguleikar á hvoru tveggja rafrænni og prentaðri útgáfu.

Greinargerð:

Á síðasta kjörtímabili hefur verið unnið að „*Mínum síðum KÍ*“. Þar geta félagsmenn, á lokuðu svæði, nálgast upplýsingar um stöðu sína hjá sjóðum og sótt rafrænt um styrki og orlofshús. Þetta hefur í för með sér stórbætta þjónustu við félagsmenn og einfaldar afgreiðslu styrkja og upplýsingagjöf.

Mikilvægt er að halda áfram á þessari braut og gera KÍ og aðildarfélögunum kleift að miðla upplýsingum á lokuðu svæði til félagsmanna sem gegna trúnaðarstörfum fyrir KÍ og félögin. Einnig er mikilvægt að KÍ og félögin geti látið fara fram hvers konar rafrænar kosningar og kannanir, s.s. kosningar til trúnaðarstarfa, atkvæðagreiðslur um boðun verkfalls, um kjarasamninga og skoðana- og viðhorfskannanir.

Fjórða þing KÍ árið 2008 fól ársfundi 2009 að fjalla um breytingar á útgáfu- og kynningarmálum sambandsins með það að markmiði að efla þessa þætti. Í kjölfar ársfundar 2009 var m.a. ákveðið að fækka útgefnum tölublöðum *Skólavörðunnar* úr átta í fjögur, en um leið að efla og styrkja blaðið. Einnig var hafin útgáfa á *Eplinu*, rafrænu fréttabréfi KÍ. Þá voru gerðar breytingar á heimasíðu Kennarasambandsins auk þess sem vinna hófst við innri vef, svo kallaðar „*Mínar síður*“. Fimmta þing KÍ hvetur stjórn KÍ til að leita áfram leiða til að auka hagkvæmni og nýtingu þess fjármagns sem ætlað er til útgáfumála með það að markmiði að efla útgáfu- og kynningarmál sambandsins.

Með því að koma á spjallsíðu væri hægt að auka þátttöku félagsmanna í félagsstörfum og með auknum umræðum mætti efla fag- og stéttarvitund. Auk þess gæti slík síða stuðlað að betri samskiptum KÍ og félagsmanna.